

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 1. desember 2010

RH/SLB/042/2010

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, með síðari breytingum - 256. mál.

Vísað er til tölvubrúfs dags. 25. nóvember 2010 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um ofangreint lagafrumvarp.

Stofnunin fagnar því að verið sé að ljúka því verkefni að færa málefni fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Þetta verkefni hefur verið í farvegi í nokkur ár og er það ánægjulegt að það sjái fyrir lok þess.

Tryggingastofnun vill benda á að afar skammur tími er þangað til að umrædd lög eiga að taka gildi verði frumvarpið samþykkt. Stofnunin hefur af því vissar áhyggjur að óljóst sé hverjir verði samstarfsaðilar/tengiliðir stofnunarinnar eftir flutning verkefnanna sem tengjast stofnuninni. Þó að hlutverk Tryggingastofnunar sé ekki veigamikil í lögum um málefni fatlaðra þá eru nokkrir snertifletir á verkefnum stofnunarinnar og störfum Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra. Nefna má umönnunargreiðslur barna og vinnusamninga öryrkja.

Í málum sem snúa að umönnunargreiðslum barna hefur samstarf Tryggingastofnunar og Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra byggst á 9. tl. 1. mgr. 12. gr. laga um málefni fatlaðra og reglugerð nr. 504/1997 en þar kemur fram að það sé hlutverk svæðisskrifstofa „Að annast mat á umönnunarbörf fatlaðra barna samkvæmt lögum um almannatryggingar“. Samkvæmt 11. gr. frumvarpsins fellur m.a. öll 12. gr. laga um málefni fatlaðra út. Samkvæmt frumvarpinu er því ekki annað að sjá en að það hlutverk að annast mat á umönnunarbörf skv. lögum um almannatryggingar falli út og ekki er sérstaklega tekið fram hver á að taka við umræddu hlutverki. Þetta þarf að skýra betur í frumvarpinu og kveða með afdráttarlausum hætti á um hver skuli hafa þetta hlutverk með höndum. Jafnframt þarf að tryggja að fjármagn fylgi því verkefni því það er umfangsmikið og tekur til um 1.500 barna.

Um vinnusamninga öryrkja skal þess getið að ekki er ljóst hvað áhrif 17. gr. frumvarpsins um að Vinnumálastofnun annist framkvæmd vinnuþæfingaraðgerða fyrir fatlaða mun hafa á framkvæmd á öryrkjavinnu. Tryggingastofnun hefur m.a. unnið mikið með atvinnuálagfulltrúum svæðisskrifstofa um málefni fatlaðra og ekki er alveg ljóst af frumvarpinu hvort það hlutverk svæðisskrifstofanna fari alfarið til Vinnumálastofnunar eða hvort það verði að einhverju leyti hjá sveitarfélögum.

Almennt er ýmislegt óljóst með hverjir taki við ýmsum hlutverkum svæðisskrifstofa í málefnum fatlaðra sem fela í sér formleg, eða óformleg, samskipti við Tryggingastofnun ríkisins. Sem dæmi má nefna að 10. tl. 1. mgr. áðurnefndrar 12. gr. laga um málefni fatlaðra mun falla út. Þar segir að það sé hlutverk svæðisskrifstofanna að tryggja að fatlaðir fá sálfræðiþjónustu og félagsráðgjöf. Ef þessi þjónusta dettur út mun það koma niður á samstarfi Tryggingastofnunar við fatlaða og fjölskyldur þeirra, en þessir aðilar hafa oft verið mjög mikilvægur hluti af þjónustu stofnunarinnar við þessar fjölskyldur. Ekki er ljóst að hve miklu leyti þetta hlutverk færir til sveitarfélaga eða hvort að þeir sem sinni þeim verkefnum þar hafi þá sérfræðiþekkingu sem fyrir er að finna á svæðisskrifstofunum.

Það er afar mikilvægt að það liggi fyrir hvaða aðilar sinni þessum hlutverkum og hverjir verði því í samskiptum við Tryggingastofnun svo ekki verði hnökrar á þjónustu við viðskiptavinum Tryggingastofnunar.

Tryggingastofnun vill einnig vekja athygli á að að mörgu er að hyggja við innleiðingu notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar, sbr. 33. gr. frumvarpsins, sem gæti hugsanlega verið í formi greiðslna á móti kostnaði. Bætur skv. almannatryggingalögum nr. 100/2007 og lögum um félagslega aðstoð nr. 99/2007 eru tekjutengdar og hafa flestar tekjur bótaþega áhrif á réttindi þeirra hjá stofnuninni. Því verður að tryggja að slíkar greiðslur teljist ekki til tekna.

Virðingarfyllt,



Sigríður Lilly Baldursdóttir
forstjóri

Vísað er til hlutverks Tryggingastofnunar varðandi:

1. umönnunargreiðslur sjá 4. gr. laga nr. 99/2007 um félagslega aðstoð sbr. rgl. 504/1997 með síðari breytingum
2. öryrkjavinnu sjá 62. gr. laga nr. 100/2007 um almannatryggingar sbr. rgl. 159/1995